

201. fundur stjórnar LSS miðvikudaginn 12.10. 2010 kl. 13:00

á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB,FH,SB,IGG;EK,JS,BKRÞ,GBr,BV,GB,SJ, og VLF.

Forföll: GPG.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn lá fyrir.

3. Stjórnarfundir í vetur.

Ákveðið að halda stjórnarfundina kl. 13:00. Verði hlutastarfangi stjórnarmaður fyrir launaskerðingu í sínu aðalstarfi þá verði reynt að bæta það.

4. Komandi kjarasamningaviðræður

Nýgerður kjarasamningur rennur út 30. nóvember. Farið yfir greiningu á launa- og kaupmáttarþróun síðustu ára. Á nýlegum „samningaseininga“ fundi hjá BSRB var rætt um að uppi væru hugmyndir um breytingar á lífeyrismálum og vaktavinnu. Jafnframt rætt um akstur til og frá vinnu, vinnutímabanka (vinna 40 klst. og 20 klst. í fríi) og trúnaðarmenn. Skoða þarf túlkun á „fastlaunasamningum og vinnutímatilskipuninni? Tilkynnt var á fundi með BSRB að LSS ætlaði að semja sér.

Á stjórnarfundum BSRB komu fram „Drög 2“ frá ríkisvaldinu um einhverskonar þjóðarsátt.

Breytingar verða á LN þannig að hún mun heyra beint undir stjórn Sambands sveitarfélaga. Stjórnarmenn ræddu um möguleikann á að skipta um launakerfi og að fara jafnvel yfir í „Starfsmat“. Hefja þarf vinnu fljótlega fyrir þessa samningagerð og fara yfir síðustu kröfugerðir..

5. Kjarasamningaviðræður SNR, Isavia

Skrifað var undir kjarasamning við Isavia 27. september eftir að LSS hafði vísað málinu til ríkissáttasemjara. Um er að ræða sambærilegan samning og gert var við LN. Þrekpróf 3 er ekki í samningnum. Tekin var upp 15.000kr. greiðsla fyrir; ýmis störf „sporsla“. Starfslokamál, fatasamningur, bókun um forgangsréttarákvæði. Annað er sambærilegt öðrum samningum LSS.

Skrifað var undir samning við SNR vegna sjúkraflutningamanna. Sambærilegt LN samningnum, 1,4 % hækkun og 15.000kr fyrir þrekpróf 3 og Heilsufarsstefnu LSS. Auk þess launaflokkshækkun fyrir þá sem hafa starfað í 15 ár eða lengur sem hlutastarfangi sjúkraflutningamenn.

Umræður urðu um kafla um þrekpróf 3 í Heilsufarsstefnunni varðandi menntun þess sem sér um prófið. Nauðsynlegt að tryggja að fagaðilar sjái um framkvæmd þrekprófa.

6. Orlofsmál

Rætt um að senda flokk manna upp í Munaðarnes til að sinna viðhaldi húsanna. Ákveðið að skoða möguleika á að kaupa neðri hæðina í Skálatúni 33 á Akureyri. Það gengur hægt að fá svör frá Frjálsa fjárfestingabankanum eða skilaneftinni.

Ábendingar komu fram um stærð orlofsíbúðarinnar í Rvík. Íbúðin í Brautarholti er einungis stúdíóíbúð og því ekki gisting fyrir stóra fjölskyldu..

7. Lög um brunamál.

Frumvarpið verður lagt fram að nýju á þessu þingi.

8. Fulltrúaráðsfund. Styrkir til deilda.

Ákveðið að halda haustfund Fulltrúaráðsins miðvikudaginn 10. nóvember kl. 16:00. Skoða þarf að breyta fyrirkomulagi á styrkjum til deildanna. Ákveðið að taka upp kerfi þar sem deildir geti sótt um að LSS greiði ákveðin útgjöld við rekstur deildarinnar og kostnað samninga- og nefndarmanna við fundarsókn og fundarsetu. Áður fengu deildirnar úthlutað ákveðinni upphæð á ári.

9. Akureyri

SA hefur allrei gert upp frítökurétt slökkviliðsmanna. Eftir ítrekun frá LSS er stafsólk Akureyrarbæjar að vinna í að reikna út hvað slökkviliðsmenn þar eiga inni af frítökurétti. Búið er að setja frítökuréttinn inn á launaseðla hjá SA. Þetta mál gæti haft áhrif á aðra staði. Umræður um fyrningu frítökuréttar. Skrifstofan er að skoða frítökuréttarmál á Keflavíkurflugvelli.

10. Eldvarnarvika/Eldvarnabandalagið.

Átakið verður með sama sniði og síðast. Á sama tíma mun koma út bæklingur frá Eldvarnabandalaginu og átökin jafnvel keyrð samhliða. TM verður áfram aðalstyrktaraðili LSS. Ákveðið að TM hafi lokaorð um hvort það sé í lagi að keyra átökin á sama tíma.

11. Sjúkraflutningar. Hugsanlegar breytingar s.k framkomnum fjárlögum?

Umræður um stöðuna og framtíðina og mögulegar breytingar á rekstri sjúkraflutninga miðað við nýútkomið fjárlagafrumvarp. Rætt um samvinnu við ráðuneytið, niðurskurð, skipulagningu á landsvísu og notkun stefnumótabifreiða.

12. Önnur mál:

a) Ársfundur Félags slökkviliðstjóra.

Formaður hefur þekkt boð um að flytja ávarp á ársfundi FSÍ.

Eftir fund verður tekinn mynd af nýrri stjórn og farið út að borða.

Fundi slitið 16:10